

**Mál nr. 12/2022****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Orsakatengsl. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. janúar 2022, ásamt fylgiskjölum, þar á meðal myndbandsupptökum.
2. Bréf V, dags. 1. mars 2022, ásamt myndum og tölvupósti.

**Málsatvik.**

Í gögnum málsins kemur fram að M var ökumaður bifreiðar sem stöðvaði á gatnamótum þegar bifreið A var ekið aftan á þá bifreið sem M ók 2. september 2021. Einnig koma fram upplýsingar í gögnum málsins um annan árekstur sem M lenti í hinn 27. ágúst 2021.

M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum 2. september 2021 og vísar til læknisfræðilegra gagna og skýrslu sjúkraþjálfara þar sem komi fram að hún hafi leitað til læknis og í sjúkraþjálfun vegna þess. Einnig vísar M til myndbandsupptöku af árekstrinum þar sem megi sjá að bifreið hennar hafi orðið fyrir höggi.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að ekki hafi orðið frekara tjón á bifreið M, umfram fyrri árekstur 27. ágúst 2021 þegar áreksturinn 2. september 2021 átti sér stað. Þannig telur V að atvik seinni árekstursins séu ekki þess eðlis að hafa leitt til líkamstjóns. Einnig vísar V til læknisfræðilegra gagna þar sem kemur fram að M hafi leitað til læknis hinn 27. ágúst 2021 og kvartað yfir bakverk sem sé að aukast og hafi hún því glímt við slík einkenni þegar áreksturinn 2. september 2021 varð. V telur að gögn sýni ekki með nokkrum hætti hvort einkenni M sé hægt að rekja til árekstursins 2. september 2021 eða til annars, engin matsgerð liggja fyrir í málinu eða önnur gögn sem sýni það.

**Álit.**

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er upplýst að M lenti í umferðaróhappi rétt áður en bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hennar hinn 2. september sl. Ekki verður annað séð, miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu, að ekki sé ljóst hvort einkenni M tengist fyrri eða síðari árekstri og má sjá tilvísun til þess í skýrslu sjúkraþjálfara. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa tiltekna áreksturs.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og váttryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs við bifreið A 2. september 2021.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 29. mars 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir